

Hluthafafundur Festi hf.

23. ágúst 2023

Stjórn Festi hf. boðar til hluthafafundar sem haldinn verður miðvikudaginn 23. ágúst 2023 kl. 10:00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Drög að dagskrá fundarins eru eftirfarandi:

1. Tillaga um lækkan hlutafjár með ógildingu eigin hluta og samsvarandi breytingu á samþykktum félagsins.

„Hluthafafundur Festi hf., haldinn 23. ágúst 2023, samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 312.500.000 að nafnverði í kr. 304.500.000 að nafnverði, einvörðungu til lækkunar eigin hluta á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með um kr. 8.000.000 að nafnverði. Lækkunin tekur einvörðungu til eigin hluta sem félagið hefur eignast með kaupum á eigin hlutum samkvæmt endurkaupaáætlun sem var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 22. mars 2022 á grundvelli 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.“

Hljóti tillagan samþykki hluthafafundar verður fjárhæð hlutafjár í 4. gr. samþykktu félagsins breytt til samræmis við lækkunina.

2. Kynning vegna kaupsamnings um allt hlutafé í Lyfju hf.

3. Tillaga um heimild stjórnar til hækkunar á hlutafé félagsins í tengslum við kaup á öllu hlutafé í Lyfju hf. og samsvarandi breytingu á samþykktum félagsins.

„Hluthafafundur Festi hf., haldinn 23. ágúst 2023, samþykkir að veita stjórn félagsins heimild til að gefa út nýtt hlutafé í félaginu að nafnverði allt að kr. 10.000.000. Heimild stjórnar skal aðeins nýtt til þess að efna skuldbindingar félagsins um greiðslu hluta kaupverðs samkvæmt samningi á milli Festi hf. og SID ehf., dags. 13. júlí 2023, um kaup Festi hf. á öllum hlutum í Lyfju hf. Forgangsréttur hluthafa samkvæmt 1. mgr. 5. gr. samþykktu félagsins gildir ekki um hið nýja hlutafé og falla hluthafar því frá áskriftarrétti sínum að hlutafjárauðruninni í samræmi við ákvæði 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Nýútgefnir hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu að gættum þeim takmörkunum sem leiða af kvöðum um sölubann samkvæmt kaupsamningnum. Nýútgefnir hlutir veita réttindi frá skráningardegi hlutafjárhækkunar. Heimildin er veitt til 15. maí 2024. Stjórn félagsins skal vera heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu heimildarinnar. Heimild þessi skal felld úr samþykktum þegar hún hefur verið nýtt.“

Hljóti tillagan samþykki hluthafafundur skal hún tekin upp í samþykktir félagsins sem nýtt ákvæði 5. mgr. 5. gr.

4. Aðrar tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.

Tillögur þar að lútandi eru birtar samhliða fundarboði á Nasdaq Iceland og á vefsíðu félagsins <https://www.festi.is/cc/hluthafafundur-2023>.

5. Önnur mál löglega upp borin.

Aðrar upplýsingar:

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri krónu nafnverðs hlutafjár en hlutafé Festi hf. er að nafnverði kr. 312.500.000. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Á hluthafafundum ræður afl atkvæða úrslitum allra venjulegra mála, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum félagsins eða lögum.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafundinn, taka þar til máls og neyta atkvæðisréttar síns. Aðilar sem eru skráðir hluthafar í hlutaskrá samkvæmt hluthafakerfi félagsins þegar hluthafafundurinn fer fram geta beitt réttindum sínum á fundinum. Hlutaskrá miðar við uppgjör viðskipta hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð þann 22. ágúst 2023. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Skriflegum umboðum skal skila við

skráningu á fundinn. Umboðseyðublað er að finna á heimasíðu félagsins, <https://www.festi.is/cc/hluthafafundur-2023>. Hluthöfum er einnig heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, en slíkur ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á fundinum. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.

Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á hluthafafundinum skulu senda kröfu um slíkt á netfangið fjarfestatengsl@festi.is í síðasta lagi tíu dögum fyrir fundinn, þ.e. í síðasta lagi fyrir kl. 10:00 sunnudaginn 13. ágúst 2023. Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögu fyrir þann tíma verður endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vef félagsins og tilkynning birt á Nasdaq Iceland eigi síðar en viku fyrir fundinn. Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárliði á hluthafafundinum sjálfum. Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist á skrifstofu félagsins eða á tölvupóstfangið fjarfestatengsl@festi.is fyrir kl. 10:00 föstudaginn 18. ágúst 2023.

Dagskrá, tillögur stjórnar til hluthafafundar, ársreikningur 2022 og árshlutauppgjör 1. og 2. ársfjórðungs 2023, skýrsla og yfirlýsing stjórnar, sérfræðiskýrsla, umsögn og yfirlýsing löggiltis endurskoðanda og önnur skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafundinn er að finna á vefsíðu félagsins, <https://www.festi.is/cc/hluthafafundur-2023>, jafnframt því sem þau eru aðgengileg hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins samkvæmt 4. dagskrárliði eru í meginatriðum eftirfarandi:

- Lögð er til breyting á orðalagi tilgangsaðkvæðis í 3. gr. samþykktu félagsins í því skyni að samræma það að rekstri samstæðu félagsins.
- Lagðar eru til breytingar á orðalagi 8. og 9. mgr. 11. gr. samþykktu félagsins sem varða heimild stjórnar til að ákveða að hluthafafundir séu haldnir að öllu leyti eða að hluta með rafrænum hætti og að hluthafi skuli tilkynna um þátttöku með rafrænum hætti eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund í stað 10 daga.
- Lögð er til breyting á 1. mgr. 13. gr. samþykktu félagsins sem felur í sér að boðað skuli til hluthafafunda með rafrænum hætti til að tryggja skjótan aðgang að upplýsingunum á jafnréttisgrundvelli. Þá felur tillagan í sér að til hluthafafunda skuli boða minnst þremur vikum fyrir fund og til aðalfundar minnst þremur vikum fyrir fund og lengst sex vikum fyrir fund.
- Lagt er til að kveðið verði á um í 2. mgr. 13. gr. samþykktu félagsins að stjórn geti ákveðið að hluthafi skuli tilkynna félaginu um þátttöku sína á hluthafafundi innan tiltekins frests, sem skal þó eigi vera lengri en tveir dagar, og að atkvæðisréttur á fundi fari þá eftir fjölda hluta á því tímamarki þegar skráningarfresti lýkur. Þá verði gildandi ákvæði 2. mgr. 13. gr. samþykktu félagsins eftirleiðis í 3. mgr. sömu greinar.
- Lagðar eru til breytingar á orðalagi 2. mgr. 17. gr. samþykktu félagsins sem fela í meginatriðum í sér að tilvísanir til varastjórnar félagsins falli á brott.
- Lagt er til að 5. mgr. 18. gr. samþykktu félagsins falli á brott.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á hluthafafundinn á fundarstað frá kl. 09:00 á fundardegi. Jafnframt er tekið við forskráningu hluthafa/umboðsmanna á netfangið fjarfestatengsl@festi.is til kl. 08:00 á fundardegi. Í tilviki forskráningar er óskað eftir að nafn og kennitala hluthafa sé sérstaklega tilgreind og að útfyllt umboðseyðublað, ef við á, fylgi við skráningu.

Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef réttilega er til hans boðað. Hluthafafundurinn og fundargögn verða á íslensku.

Kópavogi, 1. ágúst 2023.
Stjórn Festi hf.